

# Velferðarvaktin

## Ályktun um aðstæður barna og barnavernd

Tilkynningum til barnaverndarnefnda hefur fjölgað verulega á undanförunum mánuðum, mest í Reykjavík og á Reykjanesi, eða um 40% miðað við sama tíma í fyrra, en algengt er að tilkynningum hafi fjölgað á bilinu 10–20% hjá öðrum barnaverndarnefndum. Langmest atvinnuleysi er á sömu svæðum. Á Suðurnesjum var 14,3% atvinnuleysi í apríl síðastliðnum og 9,8% á höfuðborgarsvæðinu. Velferðarvaktin hefur af þessu tilefni haldið sameiginlegan fund með forstjóra Barnaverndarstofu og félagsmálastjórum sem starfa bæði á höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni.

Fjölgun tilkynninga til barnaverndarnefnda er vísbending um alvarlegan vanda og margt bendir til að hegðunarferðleikar og ofbeldi meðal ungmenna hafi aukist á síðastliðnum vetri. Velferðarvaktin telur að til þess að unnt sé að draga óbyggjandi ályktanir af þessari fjölgun barnaverndartilkynninga þurfi að kanna aðstæður betur. Líklegt er að samfélagið í heild, ekki síst fólk sem vinnur með börnum, vaki betur yfir velferð þeirra einmitt vegna efnahagsástandsins og kann það eitt og sér að hafa leitt til einhverrar fjölgunar tilkynninga.

Af þessu tilefni mun velferðarvaktin óska eftir samstarfi við Reykjavíkurborg, Reykjanesbæ og Sveitarfélagið Árborg um könnun á nýjum málum sem bárust barnaverndarnefndum sveitarfélaganna á fyrstu þremur mánuðum þessa árs. Kannaðar verði ástæður tilkynninganna og félagslegar og fjárhagslegar aðstæður fjölskyldna barnanna. Enn fremur leggur velferðarvaktin áherslu á að vinnuhópur um félagsvísa haldi sérstaklega til haga mælistikum sem gefa haldgóðar upplýsingar um aðstæður barna.

Velferðarvaktin beinir þeim tilmælum til félags- og tryggingamálaráðuneytis að skráning mála hjá barnaverndarnefndum verði betur samræmd svo raunhæfur samanburður sé mögulegur og skýr mynd fái af fjölda barnaverndarmála sem eru í vinnslu hjá hverri nefnd á hverjum tíma.

Úttekt velferðarvaktarinnar á stöðu félagsþjónustunnar í sveitarfélögunum frá mars 2009 hefur leitt í ljós að sveitarfélögin hafa ýtt úr vör margþættum aðgerðum til að draga úr alvarlegum afleiðingum efnahagshrunsins á heimilin. Mikilvægt er að þau haldi þessu góða starfi áfram og gæti þess að fyrirsjáanlegur niðurskurður komi ekki niður á barnaverndarstarfinu og það verði frekar styrkt. Enn fremur leggur velferðarvaktin áherslu á að almenn þjónusta við börn verði ekki skert á krepputímum, hvorki af hálfu ríkis né sveitarfélaga.

**Samþykkt á 11. fundi stýrihóps velferðarvaktarinnar  
12. júní 2009**